



Sölvabakki – Urðunarstaður

Mat á umhverfisáhrifum

Greinargerð um fornleifar

Guðný Zoëga

2009/85

Sölvabakki – Urðunarstaður – mat á umhverfisáhrifum


Greinargerð um fornleifar

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga var fengin til að gera greinargerð um mögulegar fornleifar á deiliskipulagsreit vegna væntanlegrar sorpurðunar í landi Sölvabakka, Engihlíðarhreppi. Fornleifar á svæðinu voru skráðar og mældar upp sumarið 2008 vegna aðalskipulags Blönduósbæjar og byggir greinargerðin á þeirri vinnu. Nánari umfjöllun um minjarnar er að finna í skýrslunni *Fornleifaskráning Blönduósbæjar II. Enni, Hnjúkar, Sölvabakki, Breiðavað*. Nr. 2008/82 í rannsóknarskýrsluröð Byggðasafns Skagfirðinga.

Greinargerðin er unnin fyrir Norðurá bs. Meðfylgjandi aftast í skýrslu er kort byggt á útlínum svæðisins og aðkomuvegar eins og þær lágu fyrir 19.03.2009.

Minjar í og við deiliskipulagssvæðið

Engar fornleifar fundust innan hins afmarkaða deiliskipulagssvæðis en í nágrenni þess nokkrar fornleifar eru sem taka þarf tillit til. Mjög jarðsokknar og óglöggar tófta- og garðleifar [35-39*] liggja fyrir miðri vesturhlið svæðisins. Gert hefur verið ráð fyrir þessum minjum við afmörkun urðunarsvæðisins en vegna nálægðar við það er nauðsynlegt að merkja þær eða afmarka á einhvern hátt meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaklega má nefna grjóthleðslur nr. 33 og 34 sem eru rétt um 10m utan útmarka svæðis og garðbrot nr. 37 sem er um 13m utan útmarka. Möguleg stekkjartóft [45] liggur um 6m vestan útmarka svæðisins og svokölluð Sleipagata [42] liggur um 7m frá suðvestur horni svæðisins.



Leifar mögulegs fornþýlis í svokölluðum Sandlágum.

* Númerin eru hlaupandi númer í skráningarskýrslu. Auðkennistala Fornleifaverndar ríkisins er í meðfylgjandi töflu.



Leifar grjóthleðsla [33 og 34] um 10m utan framkvæmdasvæðisins.



Möguleg stekkjartóft [45] rétt vestan svæðisins. Hún hefur þegar orðið fyrir skemmdum vegna jarðræktar.

Niðurlag

Engar fornleifar liggja innan deiliskipulagssvæðisins en nokkrar minjar eru í nágrenni þess og því í mögulegri hættu vegna framkvæmda. Merkja þyrfti minjarnar á áberandi hátt meðan á framkvæmdum stendur til að forða þeim frá skemmdum. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar hvort og til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein Þjóðminjalaga nr. 107 frá 2001 segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr. Þjóðminjalaga).

Sölvabakki deiliskipulag vegna sorpuðunar- Hnitalisti

Jörð	Fvnr.	Sérheiti	Tegund/hlutverk	Ástand	Austun	Norðun	Hættumat	Áætlaður aldur	Fjarlægð frá útbrún
Sölvabakki-33	10323		Óþekkt/grjótlögn	1	441540,10	580327,48	Hætta vegna framvæmda	874-1900	10 m
Sölvabakki-34	10324		Óþekkt/hleðsla	1	441537,93	580324,11	Hætta vegna framvæmda	874-1900	14m
Sölvabakki-35	10325		Tóft	1	441581,57	580241,91	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	37m
Sölvabakki-36	10326		Óþekkt	1	441591,16	580243,95	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	22m
Sölvabakki-37	10327		Garðlag	1	441598,59	580263,13	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	15m
Sölvabakki-38	10328		Óþekkt	1	441598,34	580232,63	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	33m
Sölvabakki-39	10329		Óþekkt	1	441621,30	580213,26	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	31m
Sölvabakki-40	10330		Óþekkt	1	441643,98	580185,55	Hætta vegna framvæmda	1000-1800	20m
Sölvabakki-41	10331	Sleipagata	Leið	1	441296,71	580412,54	Hætta vegna framvæmda	1000-1900	7m
Sölvabakki-44	10334		Tóft	1	441293,17	580475,33	Hætta vegna landbrots/framkvæmda	1800-1900	21m
Sölvabakki-45	10335	Stekkjarvík	Stekkur?	2	441441,15	580617,18	Hætta vegna jarðræktar/framkvæmda	1800-1900	6m

Skilgreiningar: sjá fornleifaskráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins : <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>

Ástand

1. Vel greinanlegar fornleifar
2. Greinanlegar fornleifar

Sölvabakki - urðunarsvæði sorps

N

